

## Fuglalíf í Kubbanum í Skutulsfirði

Unnið fyrir Ísafjarðarbæ  
v/umhverfismats á áhrifum snjóflóðavarna

Böðvar Þórisson

Ágúst 2005  
NV nr. 13-05

## ÚTDRÁTTUR

Vegna fyrirhugaðrar byggingu snjóflóðavarnargarða í fjallinu Kubbanum í Ísafjarðarbæ, bað Tækniþjónusta Vestfjarða, fyrir hönd Ísafjarðarbæjar, Náttúrustofu Vestfjarða að athuga fuglalíf á framkvæmdasvæðnu og var það gert sumarið 2004 og 2005.

Fuglalífið var athugað á tveimur sniðum í hliðum Kubbens sumarið 2004. Sumarið 2005 var fuglalíf athugað þar sem fyrirhugaður vegslóði mun liggja upp Hafrafellsháls. Einnig voru hliðar Kubbens athugaðar að Úlfsá.

Þúfutittlingar voru algengastir og skógarprestir sáust aðallega niður í byggð en fáeinir voru með ódul á framkvæmdarsvæðinu. Eitt steindeplapar var á svæði við fyrirhugaðan vegslóða og tvö til þrjú pör nálægt varnargarðinum.

Á framkvæmdarsvæðinu í Kubbanum er lítið um búsvæði fyrir steindepil nema þar sem slóðinn mun verða og í hliðinni fyrir innan varnargarðinn. Vegslóðinn mun líklega raska ódali hjá steindeplinum. Áhrifasvæði varnargarðsins er nálægt ódulum tveggja eða þriggja steindeplapara en framkvæmdin mun líklega hafa lítil áhrif á þá.

Þúfutittlingur verpir bæði í mólendi og birkikjarri og mun hann koma aftur á svæðið þegar varnargarðurinn og nánasta umhverfi hefur gróið upp. Steindepill heldur sig á grýttum svæðum, klettum og í mannvirkjum eins og steinhrúgum eða öðrum grjóthleðslum (Ævar Petersen 1999). Ef búsvæðum steindepla verður raskað þá er t.d. hægt að hlaða upp grjóthleðslum við varnargarðinn. Í þessar hleðslur gætu einnig sótt músarindlar. Fuglalífið yrði ekki fábreyttara við þetta.

Framkvæmdir munu því ekki hafa áhrif á neinar sjaldgæfar tegundir né hafa mikil áhrif á þéttleika fugla eða tegunda.

**EFNISYFIRLIT**

Útdráttur .....	2
EFNISYFIRLIT .....	3
INNGANGUR .....	4
AÐFERÐIR.....	4
Niðurstöður .....	5
Umræður .....	7
Þakkir .....	7
Heimildir .....	8
Viðauki.....	9

## INNGANGUR

Vegna fyrirhugaðrar byggingu snjóflóðavarnargarða fyrir ofan Holtahverfið í Ísafjarðarbæ, bað Tækniþjónusta Vestfjarða, fyrir hönd Ísafjarðarbæjar, Náttúrustofu Vestfjarða að athuga fuglalíf í Kubbanum og var það gert sumarið 2004 og 2005.

Vegslóði mun liggja upp Hafrafellsháls og komið verður fyrir stoðvirki í Bröttuhlíð. Byggður verður þvergarður fyrir ofan Holtahverfið í Kubbanum (sjá viðauka I). Hugsanlegt efnistökusvæði er melur fyrir innan hverfið við Úlfsána (sjá viðauka I).

Hlíðar Kubbs eru skriðurunnar efst en grónar neðst. Nokkuð er af nýlega gróðursettum trjáplöntum neðst í hlíðinni. Lítt gróinn melur er fyrir innan hverfið.

Fuglaathuganir hafa ekki verið gerðar í Kubbanum svo vitað sé en athuganir hafa verið gerðar í nágrenninu (sjá t.d. Sigurður Ægisson 1992; Þorleifur Eiríksson o.fl. 1998; Þorleifur Eiríksson og Arnín Óladóttir 1999).

## AÐFERÐIR

Þann 16. júní 2004 voru tekin tvö fuglasnið í Kubbanum fyrir ofan Holtahverfið í Ísafjarðarbæ. Einnig var fuglalífið skoðað að Úlfsá innan við fyrirhugaðan varnargarð (sjá viðhengi I). Þann 27. júní 2005 var svæðið skoðað aftur og þá með tilliti til fyrirhugaðan vegslóða upp Hafrafellsháls og efnistöku í mel við Úlfsána.



Mynd 1. Fuglasnið 1 og 2 í Kubbanum.

## NIÐURSTÖÐUR

Tekin voru tvö snið 2004 ( mynd 1). Byrjað var yst á svæðinu og voru sniðin ca 800 m löng (mynd 1). Á neðra sniðinu var reynt að vera í 30-40 m yfir sjávarmáli og voru hæðarmælingar teknar með gps. Efra sniðið var í 60-90 m yfir sjávarmáli.

Einungis fimm tegundir sást og heyrðist í einni til viðbótar á þessum tveimur sniðum en að auki sást stökkönd (*Anser platyrhynchos*) við Úlfsána. Tegundirnar voru: þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), skógarþröstur (*Turdus iliacus*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), steindepill (*Oenanthe oenanthe*), stelkur (*Tringa totanus*) og lóupræll (*Calidris alpina*). Í töflu 1 sést hvernig fuglarnir raða sér á 100 m belti sitt hvorum megin við miðlínu hvors sniðs.

Tafla 1. Fuglasnið 1 og 2 í Kubbi 2004.

Frá upph. pkt. m	Snið 2				Snið 1					
	Ofan		Miðlína		Ofan		Miðlína		Neðan	
	200 m	100 m	100 m	200 m	200 m	100 m	100 m	200 m	200 m	
0 - 100		Þúfut.	Þúfut.			Þúfut. Stelkur Steind.				Skógarþ
100 - 200		3 Þúfut.		Þúfut.		Þúfut.				Skógarþ
200 - 300		2 þúfut.	Stelkur			Þúfut. Hrossag				Skógarþ
300 – 400	Lóupræll	Þúfut. Hrossag				Þúfut.	Þúfut.			Hani
400 – 500		Þúfut.	Þúfut. Hrossag.			Þúfut.				Skógarþ
500 – 600			2 þúfut.			2 Hrossag Þúfut.				Skógarþ
600 – 700		2 þúfut.	2 þúfut.			Þúfut.				
700 – 800		Stelkur		Skógarþ.		Þúfutt. Hrossag.				Skógarþ par

Þeir stelkar sem sást voru á flugi. Lóuprællinn var líklega ekki með óðal á svæðinu. Skógarþrestirnir voru nær eingöngu í trjám niður í byggð en líklega eitt til tvö þör á framkvæmdarsvæðinu. Þúfutittlingur var algengastur. Lítið var af hrossagauk. Það heyrðist í einum steindepli.

Gengið var að Úlfsá og var stelkur með óðal þar, stökkandarpar flaug niður með ánni, hrossagaukur hneggjaði og þrjár þúfutittlingar sungu.

Þann 27. júní 2005 voru fuglar athugaðir við Hafrafellsháls þar sem fyrirhugað er að leggja vegslóða (sjá viðhengi I). Einnig voru fuglar taldir að Úlfsánni en gengið var þar sem fuglar voru taldir á sniði 1 sumarið 2004 eða u.þ.b. 50 m fyrir ofan það.

Tafla 2. Fuglar í Kubbanum 2005.

Tegund	Fjöldi	Varpfugl
Tjaldur	1	
Hrossagaukur	5	x
Stelkur	2	x
Þúfutittlingur	21	x
Steindepill	8	x
Skógarþröstur	9	x

Það heyrðist í tjaldi niður í fjöru.

Þar sem vegslóðinn liggur fyrir ofan snið 2 var eitt steindeplapar og var það með óðal á því svæði. Til viðbótar sást einn karlfugl en var líklega ekki með óðal á svæðinu. Tveir þúfutittlingar voru syngjandi á þessu svæði. Í Bröttuhlíð þar sem stoðvirki eiga að koma voru tveir þúfutittlingar syngjandi.

Þúfutittlingur var algengastur fyrir ofan snið 1 en einnig sáust fáeinir skógarþröstir. Tvö pör af steindeplum og einn karlfugl með æti sáust í fjallshlíðinni á mótis og innan við fyrirhugaðan varnargarð. Við Úlfsána var stelkur (par) með óðal, tveir hrossagaukar á flugi og einn þúfutittlingur.



Mynd 2. Steindepill með æti. BÞ © 2005.

## UMRÆÐUR

Athuganir hafa verið gerðar á fuglalífi vegna snjóflóðavarnargarða t.d. á Neskaupstað og Seyðisfirði (sjá Halldór Walter Stefánsson 1998 og Halldór Walter Stefánsson og Skarphéðinn Guðmundur Þórisson 1998) og í Bolungarvík (Hafsteinn H. Gunnarsson og Þorleifur Eiríksson 2001). Búsvæði í Kubbanum svipar til þess sem er í Traðarhyrnni í Bolungarvík og í Bjólfi í Seyðisfirði (Austfjörðum) og er fuglalíf frekar fáskrúðugt á þessum stöðum. Þúfutittlingur er ríkjandi í Kubbanum en nokkuð er af skógarþröstum niður í byggð. Í Traðarhyrnni í Bolungarvík var steindepill ríkjandi í efri hluta hlíðarinnar en þúfutittlingur í neðri (Hafsteinn H. Gunnarsson og Þorleifur Eiríksson 2001). Á framkvæmdasvæðinu í Kubbanum er lítið um búsvæði fyrir steindepil nema þar sem slóðinn mun verða og í hlíðinni fyrir innan varnargarðinn. Vegslóðinn mun líklega raska óðali hjá steindeplinum. Áhrifasvæði varnargarðsins er nálægt óðulum tveggja eða þriggja steindeplapara en framkvæmdin mun líklega hafa lítil áhrif á þá.

Þær tegundir sem sáust eru algengar á Vestfjörðum og var t.d. steindepill næst algengastur í Bröttubrekku (Kristbjörn Egilsson o.fl. 1999). Þúfutittlingur er oft á meðal þriggja algengustu fugla sem finnast í mólendi eða í birkikjarri (sjá t.d. Böðvar Þórisson og Þorleif Eiríksson 2005; Kristbjörn Egilsson o.fl. 1999).

Þúfutittlingur verpir bæði í mólendi og birkikjarri og mun hann líklega koma aftur á svæðið þegar varnargarðurinn og nánasta umhverfi hefur gróið upp. Steindepill heldur sig á grýttum svæðum, klettum og í mannvirkjum eins og steinhrúgum eða öðrum grjóthleðslum (Ævar Petersen 1999). Ef búsvæðum steindepla verður raskað þá er t.d. hægt að hlaða upp grjóthleðslum við varnargarðinn. Í þessar hleðslur gætu einnig sótt músarindlar. Fuglalífið yrði ekki fábreyttara við þetta.

Flestir fuglarnir sem eru á áhrifasvæðinu eru í varpi upp úr miðjum maí og fram í miðjan júlí. Viðkvæmasti tíminn er um miðjan júní og fram í miðjan júlí þegar flestir eru að fæða ungana.

Framkvæmdir munu því ekki hafa áhrif á neinar sjaldgæfar tegundir né hafa mikil áhrif á þéttleika fugla eða tegunda.

## ÞAKKIR

Petrína F. Sigurðardóttir, starfsmaður Náttúrustofu Vestfjarða fær þakkir.

## HEIMILDIR

Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson. 2004. Fuglalíf í Geiradal, Bakkadal, Gautsdal og Arnkötludal. Unnið fyrir Leið ehf. Náttúrustofa Vestfjarða NV nr. 15-04.

Hafsteinn H. Gunnarsson og Þorleifur Eiríksson. 2001. Fuglalíf í hlíðum Traðarhyrnu í Bolungarvík. Unnið fyrir Framkvæmdasýslu ríkisins og Bolungarvíkurkaupstað. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 03-01.

Halldór Walter Stefánsson. 1998. Fuglalíf við byggð undir Bjólfi í Seyðisfirði 1997. Náttúrustofa Austurlands.

Halldór Walter Stefánsson og Skarphéðinn Guðmundur Þórisson. 1998. Fuglalíf ofan byggðar í Neskaupstað 1997. Náttúrustofa Austurlands.

Kristbjörn Egilsson, Guðmundur Guðjónsson og María Harðardóttir. 1999. Gróðurfar og fuglalíf við fyrirhuguð vegstæði yfir Bröttubrekku. Unnið fyrir Vegagerðina í Borgarnesi. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-99023.

Sigurður Ægisson. 1992. Fuglalíf í botni Skutulsfjarðar. Unnið fyrir Vegagerðina.

Þorleifur Eiríksson, Arnlín Óladóttir og Ragnar Edvardsson. 1998. Athuganir á gróðri, fuglum og fornminjum í Seljalandsdal í Ísafjarðarbæ. Unnið fyrir Ísafjarðabæ. Náttúrustofa Vestfjarða.

Þorleifur Eiríksson og Arnlín Óladóttir. 1999. Fuglalíf og gróðurfar í Tungudal í Skutulsfirði eftir heimildum. Unnið fyrir Ísafjarðarbæ. Náttúrustofa Vestfjarða.

Ævar Petersen. 1999. Fuglar Íslands. Vaka-Helgafell.



